
Recommendation of the Committee of Ministers to member States on the European Prison Rules

Recommandation du Comité des Ministres aux États membres sur les Règles pénitentiaires européennes

Drög að tilmælum ráðherranefndarinnar til aðildarríkjanna um Evrópsku fangelsisreglurnar

*Source - Council of Europe, July 2020, original English and French versions
© Ministry of Foreign Affairs of Iceland, April 2025, Icelandic translation*

Text originated by the Council of Europe. This translation into a non-official language is published by arrangement with the Council of Europe, but under the sole responsibility of the translator/publisher

*Source - Conseil de l'Europe, juillet 2020, versions originales en anglais et français
© Ministère des Affaires étrangères de l'Islande, avril 2025, Traduction en islandais*

Le texte original provient du Conseil de l'Europe. Cette traduction en une langue non-officielle est réalisée avec l'accord du Conseil de l'Europe mais sous l'unique responsabilité du traducteur/éditeur.

Drög að tilmælum ráðherranefndarinnar til aðildarríkjanna [Rec\(2006\)2-rev](#) um Evrópsku fangelsisreglurnar^[2]

(Samþykkt af ráðherranefndinni 11. janúar 2006)

á 952. fundi fulltrúa ráðherranna

og endurskoðuð og breytt af ráðherranefndinni ... 2020,

á ... fundi fulltrúa ráðherranna)

Ráðherranefndin, samkvæmt ákvæðum gr. 15.b í stofnskrá Evrópuráðsins,

með hliðsjón af samningnum um verndun mannréttinda og mannfrelsis (SES nr. 5) og dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu,

einnig með hliðsjón af starfi nefndar Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, einkum þeim viðmiðum sem nefndin hefur mótað í skýrslum sínum,

ítrekar að enginn skuli sviptur frelsi nema sem síðasta úrræði og þá í samræmi við málsmeðferð sem mælt er fyrir um í lögum,

leggur áherslu á að fullnusta refsidóma og meðferð fanga útheimti að tekið sé mið af kröfum um vernd, öryggi og aga, jafnframt því að tryggt sé að aðstæður í fangelsum brjóti ekki í bága við mannlega reisn og gefi fongum kost á uppbyggilegri iðju og meðferðarætlunum og búi þá þannig undir aðlögun að samfélaginu að nýju,

telur mikilvægt að aðildarríki Evrópuráðsins haldi áfram að endurskoða og halda í heiðri sameiginlegar meginreglur í stefnumótun þeirra á sviði fangelsismála,

telur enn fremur að með því að virða slíkar sameiginlegar meginreglur verði alþjóðleg samvinna á þessu sviði betri,

veitir athygli umtalsverðum félagslegum breytingum sem hafa haft áhrif á þýðingarmikla þróun á sviði refsímála í Evrópu á undanförmum tveimur áratugum,

styður viðmiðin sem er að finna í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins til aðildarríkjanna sem varða tiltekna þætti stefnu og framkvæmdar í fangelsismálum, einkum tilmælum nr. [Rec\(89\)12](#) um menntun í fangelsum, nr. [Rec\(93\)6](#) um fangelsis- og afbrotasíðulega þætti varna gegn smitsjúkdómum, þ.m.t. alnæmi og tengdum heilsufarsvandamálum, í fangelsum, nr.

[Rec\(97\)12](#) um starfsfólk sem annast framfylgd viðurlaga og ráðstafana, nr. [Rec\(98\)7](#) um siðfræðilega og skipulagslega þætti heilbrigðisþjónustu í fangelsum, nr. [Rec\(99\)22](#) um of þéttsetin fangelsi og aukinn fjölda fanga, nr. [Rec\(2003\)22](#) um reynslulausn og [Rec\(2003\)23](#) um meðferð fangelsisfyrirvalda á lífstíðarföngum og öðrum langtímaföngum,

styður enn fremur tilmæli ráðherranefndarinnar til aðildarríkjanna [Rec\(2006\)13](#) um beitingu gæsluvarðhalds, skilyrði fyrir slíku varðhaldi og verndarráðstafanir gegn misnotkun, [CM/Rec\(2008\)11](#) um evrópsku reglurnar fyrir unga afbrotamenn sem sæta viðurlögum eða ráðstöfunum, [CM/Rec\(2010\)1](#) um reglur Evrópuráðsins um skilorð, [CM/Rec\(2012\)5](#) um evrópskar síðareglur fyrir starfsfólk fangelsa, [CM/Rec\(2012\)12](#) um erlenda fanga, [CM/Rec\(2014\)3](#) um hættulega brotamenn, [CM/Rec\(2014\)4](#) um rafrænt eftirlit, [CM/Rec\(2017\)3](#) um evrópsku reglurnar um samfélagsþjónustu og ráðstafanir, [CM/Rec\(2018\)5](#) um börn foreldra sem eru í haldi og leiðbeiningar fyrir fangelsi og skilorðseftirlit varðandi hvata til róttækni og ofbeldisfulla öfgahyggu (samþykktar af ráðherranefndinni árið 2016),

hefur í huga staðlaðar lágmarksreglur Sameinuðu þjóðanna um meðferð fanga, eins og þeim var breytt 2015 (Nelson Mandela-reglurnar) og reglur Sameinuðu þjóðanna frá 2010 um meðferð kvenfanga og fullnustu refsinga utan fangelsis fyrir brotakonur (Bangkok-reglurnar),

mælist til þess að stjórnvöld aðildarríkjanna:

- hafi við lagasetningu, stefnumótun og framkvæmd sína hliðsjón af reglunum sem er að finna í viðaukanum við þessi tilmæli, sem koma í stað tilmæla ráðherranefndarinnar nr. [Rec\(87\)3](#) um Evrópsku fangelsisreglurnar,
- tryggi að þessi tilmæli og meðfylgjandi athugasemdir við texta þeirra séu þýdd og þeim miðlað eins víða og hægt er, einkum meðal handhafa dómsvalds, starfsfólks fangelsa og fanga.

Viðauki við tilmæli [Rec\(2006\)2-rev](#)

I. hluti

Grundvallarreglur

1. Koma skal fram við alla frelsissvipta einstaklinga af virðingu fyrir mannréttindum þeirra.
2. Frelssissviptir einstaklingar halda öllum réttindum sem ekki eru tekin af þeim á lögmætan hátt með dómsuppkvaðningu eða varðhaldsúrskurði.
3. Takmarkanir sem frelsissviptir einstaklingar sæta skulu ekki ganga lengra en nauðsynlegt er og vera í réttu hlutfalli við hið lögmæta markmið sem er að baki þeim.
4. Ekki er unnt að réttlæta fangelsisaðstæður sem brjóta mannréttindi fanga á grundvelli vanefna.

5. Daglegt líf innan veggja fangelsis skal endurspegla jákvæðar hliðar lífsins í samfélaginu að því marki sem mögulegt er.
6. Haga skal allri fangelsisvist með tilliti til þess að auðvelda einstaklingum sem hafa verið frelsissviptir aðlögun að samfélaginu að nýju.
7. Hvetja skal til samstarfs við félagsþjónustu utan fangelsis og aðkomu borgaralegs samfélags að lífinu í fangelsi eftir því sem auðið er.
8. Starfsfólk fangelsa sinnir mikilvægri opinberri þjónustu og ráðning starfsfólks, starfsþjálfun og vinnuskilyrði skulu gera því kleift að veita föngum umönnun í hæsta gæðaflokki.
9. Öll fangelsi skulu sæta reglubundinni skoðun og sjálfstæðu eftirliti.

Gildissvið og beiting

- 10.1 Evrópsku fangelsisreglurnar gilda um einstaklinga sem hafa verið settir í varðhald með úrskurði handhafa dómsvalds eða sviptir frelsi í kjölfar sakfellingar.
 - 10.2 Einstaklingar sem handhafi dómsvalds hefur úrskurðað í varðhald og einstaklingar sem eru sviptir frelsi í kjölfar sakfellingar skulu að meginreglu til einungis vistaðir í fangelsum, þ.e. stofnunum sem ætlaðar eru föngum í þessum tveimur flokkum.
 - 10.3 Reglurnar gilda einnig um einstaklinga:
 - a. sem eru í varðhaldi í fangelsi af öðrum ástæðum, eða
 - b. sem hafa verið settir í varðhald með úrskurði handhafa dómsvalds eða sviptir frelsi í kjölfar sakfellingar og sem, af einhverjum ástæðum, kunna að vera hafðir í varðhaldi annars staðar.
 - 10.4 Allir einstaklingar sem eru vistaðir í fangelsi eða eru í varðhaldi með þeim hætti sem vísað er til í mgr. 10.3.b teljast fangar að því er þessar reglur varðar.
-
- 11.1 Börn undir 18 ára aldri skulu ekki vistuð í fangelsi sem ætlað er fullorðnum heldur vistuð á stofnun sem er sérstaklega ætluð í þeim tilgangi.
 - 11.2 Ef börn eru í sérstökum undantekningartilvikum vistuð í slíku fangelsi skulu vera til sérstakar reglur sem taka mið af stöðu þeirra og þörfum.
 - 12.1 Einstaklingar sem eiga við geðræna sjúkdóma að stríða, og geðheilbrigðisástand þeirra mælir gegn vistun í fangelsi, skulu vistaðir á stofnun sem er sérstaklega ætluð í þeim tilgangi.
 - 12.2 Ef slíkir einstaklingar eru samt sem áður í sérstökum undantekningartilvikum vistaðir í fangelsi skulu vera til sérstakar reglur sem taka mið af stöðu þeirra og þörfum.
 13. Þessum reglum skal beitt af óhlutdrægni, án hvers kyns mismununar, s.s. á grundvelli kyns, kynþáttar, húðlitar, tungumáls, trúar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernislegs eða félagslegs uppruna, tengsla við þjóðernisminnihluta, eignastöðu, stöðu við fæðingu eða annarrar stöðu.

II. hluti

Skilyrði fangavistar

Innkoma í fangelsi og skráahald

14. Enginn einstaklingur skal hefja afplánun eða vistaður í fangelsi sem fangi án gilds afplánunarbréfs, í samræmi við ákvæði landslaga.
- 15.1 Við innkomu í fangelsi skulu eftirfarandi upplýsingar strax skráðar um hvern fanga:
 - a. upplýsingar um persónuauðkenni,
 - b. ástæður fangelsunar og réttargrundvöllur hennar,
 - c. dagsetning og tímasetning innkomu,
 - d. listi yfir persónulegar eigur sem hafðar verða í öruggri vörslu í samræmi við reglu 31,
 - e. allir sýnilegir áverkar og kvartanir sem varða undangengna illa meðferð,
 - f. allar upplýsingar um heilsu fangans sem hafa þýðingu hvað varðar líkamlega og andlega vellíðan hans og annarra, með fyrirvara um trúnaðar- og þagnarskyldu heilbrigðisstarfsmanna,
 - g. nafn og samskiptaupplýsingar þeirra einstaklinga sem fanginn hefur tiltekið að hafa skuli samband við ef um er að ræða dauðsfall, alvarlegt líkamstjón eða veikindi, og
 - h. fjöldi barna, aldur og núverandi umönnunaraðili þeirra.
- 15.2 Við innkomu í fangelsi skal veita öllum föngum upplýsingar í samræmi við reglu 30.
- 15.3 Strax eftir innkomu í fangelsi skal tilkynna fangelsisvist fangans í samræmi við reglu 24.9.
16. Eins fljótt og auðið er eftir innkomu í fangelsi:

- a. skal fara fram lækni skoðun, sem kemur til viðbótar við upplýsingar um heilsufar fangans við innkomu hans, í samræmi við reglu 42,
- b. skal ákvarða viðeigandi öryggisstig fyrir fangann í samræmi við reglu 51,
- c. skal ákvarða hættu sem stafar af fanganum í samræmi við reglu 52,
- d. skulu upplýsingar sem safnað er á grundvelli reglu 15.1.g og 15.1.h, auk allra annarra tiltækra upplýsinga um félagslegar aðstæður fangans, metnar í þeim tilgangi að sinna beinum persónulegum þörfum og velferð fangans, og
- e. ef um er að ræða afplánunarfanga skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma áætlunum í framkvæmd í samræmi við VIII. hluta þessara reglna.

16A.1 Upplýsingar skráðar við innkomu og eins fljótt og auðið er eftir innkomu skulu uppfærðar og bætt við þær, eftir því sem við á.

16A.2 Safna skal upplýsingum um sérhvern fanga, sérstaklega að því er varðar:

- a. dómsmeðferð,
- b. einstaklingsbundna meðferðar- og vistunaráætlun, undirbúningsáætlun fyrir lok afplánunar og dagsetningu lokadags afplánunar,
- c. hegðun og háttsemi, þ.m.t. hvort fangi er hættulegur sjálfum sér eða öðrum,
- d. beiðnir og kvartanir, nema þær séu trúnaðarmál,
- e. beitingu og tímalengd aðskilnaðar og agaviðurlaga, m.a. beitingu einangrunar,
- f. beitingu fjöttra, þ.m.t. af hvaða tagi þeir eru og hversu lengi þeim var beitt,
- g. leit sem gengur nærri friðhelgi, einkum líkamsrannsókn og leit í klefa,
- h. alla flutninga, og
- i. persónulega muni.

16A.3 Fara skal með allar upplýsingar sem safnað er við innkomu og eftir það sem trúnaðarmál og þeim einungis miðlað til þeirra sem þurfa aðgang að þeim í krafti starfsskyldna sinna.

16A.4 Veita skal föngum aðgang að eigin sjúkraskrár og öðrum skrár, nema þeim sem sæta takmörkunum á grundvelli landslaga í þágu verndar og öryggis, og skulu fangar eiga rétt á afriti af slíkum skrár ef þess er óskað.

16A.5 Tilgreina skal í landslögum hvaða upplýsingum skal safna og vinna og skulu þau innihalda ítarlegar reglur til þess að tryggja að kröfur um gagnavernd séu uppfylltar hvað varðar slíkar upplýsingar.

Ákvörðun um vistunarstað og húsnæði

17.1 Fangar skulu, að því marki sem unnt er, vistaðir í fangelsi nærri heimilum sínum eða þeim stað þar sem þeir njóta félagslegrar endurhæfingar.

17.2 Vistunarstaður skal einnig ákveðinn með tilliti til þarfar á áframhaldandi sakamálarannsókn, verndar og öryggis, og nauðsynjar þess að sjá öllum föngum fyrir viðeigandi daglegu starfi.

17.3 Samráð skal haft við fanga eins og kostur er um upphaflegan vistunarstað og allan síðari flutning frá einu fangelsi til annars.

18.1 Húsnæði þar sem föngum er komið fyrir, einkum hvers konar svefnrými, skal vera til þess fallið að virða mannlega reisn og, eins og unnt er, friðhelgi einkalífs, og skal uppfylla kröfur um heilbrigði og hollustu, að teknu tilhlýðilegu tilliti til loftgæða innandyra og einkum til gólfpláss, rúmmáls lofts, lýsingar, hitunar og loftræstingar.

18.2 Í öllum byggingum þar sem föngum er ætlað að dvelja, vinna eða safnast saman:

- a. skulu gluggar vera nægilega stórir til að gera föngum kleift að lesa eða vinna við náttúrulega birtu við venjuleg skilyrði og hleypa inn fersku lofti, nema þar sem fullnægjandi loftræsting er til staðar,
- b. skal gervilýsing uppfylla viðurkennda tæknistaðla, og
- c. skal viðvörunarkerfi vera til staðar sem gerir föngum kleift að hafa samband við starfsfólk án tafar.

18.3 Lögfesta skal tilteknar lágmarkskröfur varðandi þau atriði sem getið er um í 1. og 2. mgr.

18.4 Reglur landslaga skulu kveða á um ráðstafanir til að tryggja að ekki sé brotið í bága við þessar lágmarkskröfur með því að fangelsi séu of þéttsetin.

18.5 Fangar skulu að jafnaði dvelja einir í klefa að næturlagi nema þar sem talið er æskilegra að þeir deili svefnrými með öðrum.

18.6 Húsnæði skal aðeins vera sameiginlegt ef það hentar í þeim tilgangi og þar skulu dvelja fangar sem við hæfi er að eigi samneyti hver við annan.

18.7 Fangar skulu eiga kost á því að ráða hvort þeir deila svefnrými með öðrum áður en þess er krafist af þeim.

18.8 Þegar ákvörðun er tekin um hvar á að vista fanga í tilteknum fangelsum eða deildum innan fangelsis skal taka tilhlýðilegt tillit til þess að nauðsynlegt er að hafa:

- a. gæsluvarðhaldsfanga aðskilda frá afplánunarföngum,
- b. karlfanga aðskilda frá kvenföngum, og
- c. unga fanga aðskilda frá eldri föngum.

18.9 Unnt er að gera undantekningar frá kröfum um aðskilnað fanga samkvæmt mgr. 18.8 í því skyni að leyfa föngum að taka sameiginlega þátt í skipulagðri starfsemi, en ávallt skal aðskilja þessa hópa yfir nótt nema þeir samþykki að þeir séu vistaðir saman og að fangelsisyrirvöld telji það þjóna hagsmunum allra viðkomandi fanga.

18.10 Öllum föngum skal komið fyrir í húsnæði með lægsta mögulega öryggisstigi sem samrýmanlegt er hættunni á að þeir strjúki eða valdi sjálfum sér eða öðrum skaða.

Hollustuhættir

- 19.1 Öllu húsnæði í hverju og einu fangelsi skal vel við haldið og því ávallt haldið hreinu.
- 19.2 Við innkomu fanga í fangelsi skulu klefar, eða annað húsnæði þar sem þeir eru vistaðir, vera hreinir.
- 19.3 Fangar skulu hafa greiðan aðgang að hreinlætisaðstöðu sem er þrífaleg og til þess fallin að virða friðhelgi einkalífs.
- 19.4 Viðunandi aðstaða skal vera fyrir hendi svo hverjum fanga sé mögulegt að baðast eða fara í sturtu, við hitastig sem hæfir loftslagi, daglega ef mögulegt er, en að minnsta kosti tvisvar í viku (eða oftar ef nauðsyn krefur) í þágu almennra hollustuhátta.
- 19.5 Fangar skulu halda sjálfum sér, fatnaði sínum og svefnrými hreinu og snyrtilegu.
- 19.6 Fangelsisyrirvöld skulu sjá þeim fyrir útbúnaði til þess, m.a. snyrtivörum og almennum hreinsihöldum og efnum.
- 19.7 Sérstakar ráðstafanir skulu gerðar varðandi hreinlætisþarfir kvenna.

Fatnaður og rúmfatnaður

- 20.1 Útvega skal föngum sem ekki eiga viðunandi fatnað sjálfir klæðnað sem hentar viðkomandi loftslagi.
- 20.2 Þessi fatnaður skal ekki vera niðurlægjandi eða auðmýkjandi.
- 20.3 Öllum fatnaði skal haldið í góðu ástandi og hann endurnýjaður þegar nauðsyn krefur.
- 20.4 Ekki skal krefjast þess að fangar sem fá leyfi úr fangelsi klæðist fatnaði sem auðkennir þá sem fanga.

21. Allir fangar skulu hafa rúm til eigin nota sem og viðeigandi rúmfatnað sem skal haldið í góðu ástandi og skipt um nægilega oft til þess að tryggja að hann sé hreinn.

Næring

- 22.1 Fangar skulu fá næringarríkt fæði sem tekur mið af aldri, heilsu, líkamlegu ástandi, trú, menningu og eðli þeirrar vinnu sem þeir inna af hendi.
- 22.2 Mælt skal fyrir um kröfur fyrir næringarríkt fæði í landslögum, þ.m.t. lágmarksorku- og próteininnihald.
- 22.3 Gæta skal hreinlætis við eldun og framreiðslu matar.
- 22.4 Þjóða skal upp á þrjár máltíðir á dag með hæfilegu millibili.
- 22.5 Fangar skulu eiga kost á hreinu drykkjarvatni öllum stundum.
- 22.6 Læknir eða hjúkrunarfræðingur skal gefa fyrirmæli um breytingar á mataræði tiltekins fanga ef nauðsynlegt er af lækisfræðilegum ástæðum.

Lögfræðiráðgjöf

- 23.1 Allir fangar eiga rétt á lögfræðiráðgjöf og fangelsisyrirvöld skulu veita þeim nauðsynlega aðstöðu til að fá aðgang að slíkri ráðgjöf.
- 23.2 Fangar geta leitað ráðgjafar um hvaða efni lagalegs eðlis sem er hjá þeim lögfræðingi sem þeir velja og á eigin kostnað.
- 23.3 Ef viðurkennt fyrirkomulag fyrir fría lögfræðiaðstoð er til staðar skulu yfirvöld kynna öllum föngum slíkan möguleika.
- 23.4 Samráð og önnur samskipti, þ.m.t. bréfaskipti um efni lagalegs eðlis milli fanga og lögfræðinga þeirra, skulu vera trúnaðarmál.
- 23.5 Handhafi dómsvalds getur í undantekningartilvikum heimilað takmarkanir á slíkum trúnaðarkvöðum til þess að fyrirbyggja alvarleg afbrot eða meiriháttar röskun á vernd og öryggi í fangelsi.
- 23.6 Fangar skulu hafa aðgang að, eða þeim skal vera heimilt að hafa í förum sínum, skjöl sem varða málarekstur þeirra.

Samskipti við umhverfið utan fangelsis

- 24.1 Föngum skal leyft að eiga samskipti eins oft og kostur er, með bréfi, í síma eða eftir öðrum samskiptaleiðum, við fjölskyldur sínar, aðra einstaklinga og fulltrúa stofnana utan fangelsis, og fá heimsóknir frá þessum einstaklingum.
- 24.2 Nauðsynlegt getur verið að takmarka og hafa eftirlit með samskiptum og heimsóknum í þágu áframhaldandi sakamálarannsóknna, til þess að viðhalda góðri reglu, vernd og öryggi, koma í veg fyrir refsiverð brot og vernda brotapolu, en slíkar takmarkanir, þ.m.t. sérstakar takmarkanir sem handhafi dómsvalds hefur fyrirskipað, skulu samt sem áður heimila viðunandi lágmarkssamskipti.
- 24.3 Tilgreina skal í landslögum þá innlendu og alþjóðlegu aðila og ráðamenn sem ekki skal takmarka samskipti fanga við.
- 24.4 Fyrirkomulag heimsókna skal gera föngum kleift að viðhalda og þróa fjölskyldutengsl á eins eðlilegan hátt og kostur er.
- 24.5 Fangelsisfyrirvöld skulu aðstoða fanga við að viðhalda nægum tengslum við umhverfið utan fangelsis og veita þeim nauðsynlegan velferðarstuðning til þess.
- 24.6 Miðla skal öllum upplýsingum sem berast um andlát eða alvarleg veikindi náins ættingja tafarlaust til fangans.
- 24.7 Ef aðstæður leyfa skal fanganum heimilað að fara af fangelsissvæðinu, annað hvort með eða án fylgdar, til þess að heimsækja veikan ættingja, sækja jarðarför eða af öðrum mannúðarástæðum.
- 24.8 Föngum skal leyft að upplýsa fjölskyldur sínar tafarlaust um fangelsun sína, flutning á aðra stofnun og um hvers konar alvarleg veikindi eða líkamstjón sem þeir kunna að verða fyrir.
- 24.9 Við innkomu fanga í fangelsi, dauðsfall eða alvarleg veikindi, eða alvarlegt líkamstjón, eða flutning fanga á sjúkrahús, skulu yfirvöld þegar í stað upplýsa maka eða sambúðarmaka fangans, nema hann hafi óskað eftir því að það sé ekki gert, eða, ef fangi er einhleypur, nánasta ættingja og alla aðra sem fanginn hefur áður tiltekið.
- 24.10 Föngum skal leyft að fylgjast reglulega með þjóðmálum með áskrift að eða lestri dagblaða, tímarita og annars útgefins efnis og með því að hlusta á útvarp eða fylgjast með sjónvarpi nema við því sé sett sérstakt bann í tilgreindan tíma af hálfu handhafa dómsvalds í tilteknu máli.
- 24.11 Fangelsisfyrirvöld skulu tryggja að fangar geti tekið þátt í kosningum, atkvæðagreiðslum og öðrum þáttum opinbers lífs, að því marki sem réttur þeirra til þess takmarkast ekki af landslögum.
- 24.12 Föngum skal leyft að eiga samskipti við fjölmiðla nema brýnar ástæður séu til að banna það í því skyni að viðhalda vernd og öryggi, í almannabágu eða til þess að vernda friðhelgi brotapolu, annarra fanga eða starfsfólks.

Daglegt starf í fangelsi

- 25.1 Daglegt starf í fangelsi sem ætlað er öllum föngum skal fela í sér fjölbreytt viðfangsefni.
- 25.2 Daglegt starf skal gera föngum mögulegt að verja eins mörgum klukkutímum á dag utan fangaklefans og nauðsynlegt er til að geta átt samneyti við fólk og félagsleg samskipti í viðunandi mæli.
- 25.3 Daglegt starf skal einnig mæta velferðarþörfum fanga.
- 25.4 Sérstaklega skal hugað að þörfum fanga sem hafa upplifað líkamlega, andlega eða kynferðislega misnotkun.

Vinna

- 26.1 Líta skal á vinnu í fangelsi sem jákvæðan þátt í daglegu starfi í fangelsinu og skal aldrei beita henni sem refsingu.
- 26.2 Fangelsisfyrirvöld skulu leitast við að bjóða upp á næga og gagnlega vinnu.
- 26.3 Vinna sem stendur til boða skal vera þess eðlis að hún viðhaldi eða auki getu fanga til að vinna fyrir sér að lokinni afplánun, eins og kostur er.
- 26.4 Í samræmi við reglu 13 skal ekki mismuna eftir kyni hvað varðar þá tegund vinnu sem er í boði.
- 26.5 Vinna sem felur í sér starfsþjálfun skal vera í boði fyrir fanga sem geta notið góðs af því, einkum fyrir unga fanga.
- 26.6 Fangar geta valið þá vinnu sem þeir vilja inna af hendi, innan þeirra marka sem helgast af framboði, viðeigandi starfsnámsmöguleikum og kröfum um góða reglu og aga.
- 26.7 Vinnuskipulag og vinnuaðferðir í stofnununum skulu endurspegla eftir því sem kostur er sambærilega vinnu úti í samfélaginu í því skyni að búa fanga undir hefðbundnar aðstæður á vinnumarkaði.
- 26.8 Þó að sókn eftir hagnaði af starfsemi innan stofnana geti verið mikilvæg í því skyni að hækka gæðastig og auka gæði og þýðingu þjálfunar, skulu hagsmunir fanga ekki víkja fyrir slíku markmiði.
- 26.9 Fangelsisfyrirvöld skulu útvega föngum vinnu, annað hvort ein og sér eða í samvinnu við einkaaðila, innan eða utan fangelsis.
- 26.10 Fangar skulu ávallt fá sanngjarna þóknun fyrir vinnu sína.
- 26.11 Föngum skal leyft að verja að minnsta kosti hluta af tekjum sínum í samþykktu hluti til eigin nota og að deila hluta af tekjum sínum með fjölskyldum sínum.

- 26.12 Leyfilegt er að hvetja fanga til þess að spara hluta af tekjum sínum, sem þeir skulu fá afhentar við lok afplánunar eða í öðrum samþykktum tilgangi.
- 26.13 Heilbrigðis- og öryggisráðstafanir fyrir fanga skulu veita þeim næga vernd og ekki vera síður strangar en þær sem gilda fyrir vinnuafli utan veggja fangelsisins.
- 26.14 Gera skal ráðstafanir svo fangar séu tryggðir gegn vinnuslysum, þ.m.t. atvinnusjúkdómum, á kjörum sem ekki eru lakari en þau sem landslög tryggja vinnuafli utan fangelsis.
- 26.15 Hámarksfjöldi daglegra og vikulegra vinnustunda fanga skal ákvarðaður í samræmi við staðbundnar reglur eða venjur sem gilda um störf vinnuafis utan fangelsisins.
- 26.16 Fangar skulu eiga minnst einn hvíldardag í viku og hafa nægan tíma fyrir menntun og önnur viðfangsefni.
- 26.17 Fangar sem stunda vinnu skulu eiga aðild að almannatryggingakerfum eftir því sem auðið er.

Líkamshreyfing og afþreying

- 27.1 Hver fangi skal eiga möguleika á því að stunda líkamshreyfingu í að minnsta kosti eina klukkustund á dag undir berum himni, ef veður leyfir.
- 27.2 Þegar veður er vont skulu gerðar aðrar ráðstafanir til þess að gera föngum mögulegt að stunda líkamshreyfingu.
- 27.3 Vel skipulögð starfsemi sem stuðlar að líkamlegri hreysti og veitir næg tækifæri til líkamshreyfingar og afþreyingar skal vera örjufanlegur hluti af daglegu starfi í fangelsum.
- 27.4 Fangelsisfyrirvöld skulu liðka fyrir slíkri starfsemi með því að útvega viðunandi aðstöðu og búnað.
- 27.5 Fangelsisfyrirvöld skulu gera ráðstafanir til að skipuleggja sérstaka starfsemi fyrir fanga sem þurfa á slíku að halda.
- 27.6 Tækifæri skulu veitt til afþreyingar á borð við íþróttir, leiki, menningarstarfsemi, tómstundaiðju og aðra frístundaiðkun og föngum skal gefinn kostur á að skipuleggja þær, eftir því sem unnt er.
- 27.7 Fangar skulu hafa leyfi til að umgangast hverjir aðra á meðan þeir stunda líkamshreyfingu og í tengslum við afþreyingu.

Nám

- 28.1 Öll fangelsi skulu leitast við að veita föngum aðgang að eins fjölbreyttu námi og mögulegt er og sem uppfyllir einstaklingsbundnar þarfir þeirra en tekur jafnframt mið af þeirra eigin metnaði.
- 28.2 Fangar með þarfir sem tengjast lestrar- og skriftarkunnáttu og talnalæsi og þeir sem skortir grunnmenntun eða starfsmenntun skulu njóta forgangs.
- 28.3 Sérstaklega skal hugað að námi ungra fanga og fanga sem eru með sérstakar þarfir.
- 28.4 Nám skal ekki hafa minna vægi en vinna í daglegu starfi í fangelsi og fangar skulu ekki gjalda fyrir það fjárhagslega eða að öðru leyti að þeir leggi stund á nám.
- 28.5 Öll fangelsi skulu búin bókasafni sem allir fangar hafa aðgang að og þar sem er nægilegt úrval bæði af afþreyingarefni og námsefni, bókum og öðrum miðlum.
- 28.6 Þegar því verður við komið skulu bókasöfn fangelsa skipulögð í samstarfi við bókasafnsþjónustu úti í samfélaginu.
- 28.7 Nám fanga skal að því marki sem mögulegt er:
- vera samþætt mennta- og starfsmenntakerfi landsins svo þeir geti haldið námi og starfsmenntun áfram án vandkvæða að lokinni afplánun, og
 - fara fram á vegum utanaðkomandi menntastofnana.

Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

- 29.1 Virða skal hugsana-, samvisku- og trúfrelsi fanga.
- 29.2 Daglegt starf í fangelsi skal, eftir því sem kostur er, gera föngum kleift að iðka trú sína og lífsskoðanir, sækja athafnir eða fundi sem stýrt er af viðurkenndum fulltrúum viðkomandi trúar eða lífsskoðana, fá einkaheimsóknir af hálfu fulltrúa trúar eða lífsskoðana sinna og hafa í förum sínum bækur eða lesefni sem varðar trú þeirra eða lífsskoðanir.
- 29.3 Fangar skulu ekki neyddir til að iðka trú eða lífsskoðun, sækja trúarathafnir eða fundi, taka þátt í trúarlegum athöfnum eða samþykkja heimsókn frá fulltrúa einhverrar trúar eða lífsskoðunar.

Upplýsingar

- 30.1 Við innkomu, og eins oft og nauðsyn krefur eftir það, skulu allir fangar upplýstir skriflega og munnlega, á tungumáli sem þeir skilja, um þær reglur sem gilda um aga í fangelsinu og um réttindi sín og skyldur í fangelsinu.
- 30.2 Föngum skal leyft að hafa í vörslum sínum skriflega útgáfu af þeim upplýsingum sem þeim eru veittar.
- 30.3 Fangar skulu upplýstir um allan málarekstur sem þeir eiga hlut að og um tímalengd refsivistar og möguleika á reynslulausn hljóti þeir dóm.

Eigur fanga

- 31.1 Eigur sem föngum er ekki heimilt að hafa hjá sér samkvæmt reglum fangelsisins skulu settar í örugga vörslu við innkomu í stofnunina.
- 31.2 Fangi sem á eigur sem settar eru í örugga vörslu skal undirrita lista yfir eigurnar.
- 31.3 Ráðstafanir skulu gerðar til þess að halda slíkum eigum í góðu ástandi.
- 31.4 Ef nauðsynlegt reynist að farga einhverjum slíkum eigum skal skrá það og upplýsa fangann um að það hafi verið gert.
- 31.5 Fangar skulu, með fyrirvara um kröfur um hollustu, góða reglu og öryggi, eiga rétt á að kaupa eða útvega með öðrum hætti vörur, m.a. mat og drykk til eigin nota, á verði sem ekki telst óeðlilega mikið hærri en í frjálsum samfélagi.
- 31.6 Ef fangi er með lyf meðferðis við innkomu skal læknir ákveða hvernig notkun þeirra skal hátað.
- 31.7 Þar sem föngum er leyft að hafa eigur í vörslum sínum skulu fangelsisyfirvöld gera ráðstafanir sem hjálpa til við að þær séu í öruggri vörslu.

Flutningur fanga

- 32.1 Þegar fangar eru fluttir í eða frá fangelsi eða til annarra staða, s.s. í dómhús eða á sjúkrahús, skulu þeir vera eins lítt sýnilegir opinberlega og hægt er og viðeigandi öryggisráðstafanir viðhafðar til þess að tryggja nafnleynd þeirra.
- 32.2 Flutningur fanga með samgöngutæki sem er með ófullnægjandi loftræstingu eða lýsingu, eða sem er til þess fallið að þeir verði með einhverjum hætti fyrir óþarfa líkamlegu harðræði eða vanvirðingu, skal bannaður.
- 32.3 Flutningur fanga skal fara fram á kostnað og undir stjórn yfirvalda.

Lausn fanga

- 33.1 Öllum föngum skal sleppt úr haldi án tafar þegar afplánunarbréf þeirra er fallið úr gildi, eða þegar dómstóll eða annað yfirvald gefur skipun um að þeir skuli látnir lausir.
- 33.2 Skrá skal dagsetningu og tímasetningu lausnar.
- 33.3 Allir fangar skulu njóta góðs af ráðstöfunum sem hafa að markmiði að aðstoða þá við að aðlagast frjálsum samfélagi eftir að afplánun er lokið.
- 33.4 Þegar fangi er látinn laus skal skila honum öllum eigum og fjármunum sem teknir voru til öruggrar vörslu nema að því marki sem honum hefur verið heimilað að taka út peninga eða senda einhverjar slíkar eigur úr fangelsinu, eða ef nauðsynlegt hefur reynst að farga einhverjum eigum af hreinlætisástæðum.
- 33.5 Fanginn skal skrifa undir kvittun fyrir þeim eigum sem honum var skilað.
- 33.6 Ef lausn hefur verið ákveðin fyrirfram skal fanganum boðin læknisskoðun í samræmi við reglu 42, eins skömmu fyrir þann tíma þegar hann er látinn laus og mögulegt er.
- 33.7 Gera skal ráðstafanir til að tryggja að þegar fangar eru látnir lausir fái þeir í hendur viðeigandi skjöl og persónuskilríki, eftir því sem við á, og fái aðstoð við að útvega viðeigandi húsnæði og vinnu.
- 33.8 Föngum sem hafa verið látnir lausir skal einnig séð fyrir nauðpurftum til skamms tíma, þeir skulu fá viðeigandi og nægilegan klæðnað miðað við loftslag og árstíma og næg úrræði til að komast á ákvörðunarstað.

Konur

- 34.1 Marka skal sérstaka stefnu sem tekur mið af kyni og ákveðnar ráðstafanir gerðar til að mæta sérstökum þörfum kvenfanga við beitingu þessara reglna.
- 34.2 Auk sérstakra ákvæða í þessum reglum sem fjalla um kvenfanga, skulu yfirvöld gefa þörfum kvenna sérstakan gaum, t.d. líkamlegum þörfum, þörfum varðandi starfsmenntun, félagslegum og sálfræðilegum þörfum, auk umönnunarskyldna, þegar teknar eru ákvarðanir sem varða einhverja þætti fangelsisvistar þeirra.
- 34.3 Sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til að vernda kvenfanga gegn líkamlegri, andlegri eða kynferðislegri misnotkun og veita þeim aðgang að sérhæfðri þjónustu fyrir kvenfanga sem eru með þarfir sem vísað er til í reglu 25.4, þ.m.t. að veita þeim upplýsingar um rétt sinn til að leita til handhafa dómsvalds, fá lögfræðilega aðstoð, sálrænan stuðning eða ráðgjöf, og viðeigandi lækniþjónustu.
- 34.4 Ávallt skal gera ráðstafanir til þess að gera föngum kleift að fæða barn utan fangelsis. Ef barn fæðist í fangelsi samt sem áður skulu yfirvöld veita allan nauðsynlegan stuðning og aðstoðu, þ.m.t. sérstakt húsnæði.

Fangelsisvist barna

- 35.1 Ef börn undir 18 ára eru í sérstökum undantekningartilvikum vistuð í fangelsi sem ætlað er fullorðnum skulu yfirvöld tryggja, til viðbótar við þá þjónustu sem allir fangar eiga kost á, að fangelsuð börn hafi aðgang að þeirri félagslegu og sálrænu þjónustu og menntun, trúarlegu handleiðslu og afþreyingu, eða jafngildi þeirra, sem er aðgengileg börnum í samfélaginu.
- 35.2 Allir fangar sem eru börn og á skólaskyldualdri skulu hafa aðgang að skyldunámi.
- 35.3 Börnum sem látin eru laus úr fangelsi skal veitt viðbótaraðstoð.

35.4 Þar sem börn eru fangelsuð skal vista þau í þeim hluta fangelsis sem er aðskilinn frá þeim hluta sem fullorðnir nota nema að það sé talið andstætt hagsmunum barnsins.

Ungbörn

36.1 Ungbörn mega einungis vera í fangelsi með foreldri ef það er talið viðkomandi börnum fyrir bestu. Ekki skal meðhöndla þau eins og fanga.

36.2 Ef ungbörnum er leyft að vera í fangelsi með foreldri skal gera sérstakar ráðstafanir með því að setja upp aðstöðu fyrir ungbörn sem mönnuð er þjálfuðu starfsfólki, þar sem ungbarnið skal dvelja meðan foreldri tekur þátt í starfsemi þar sem barnið getur ekki verið með.

36.3 Sérstakt húsnæði skal ætlað til þessara nota til að gæta að velferð slíkra barna.

Erlendir ríkisborgarar

37.1 Ákveðnar ráðstafanir skulu gerðar til þess að mæta sérstökum þörfum fanga sem eru erlendir ríkisborgarar.

37.2 Gefa skal sérstakan gaum að því að fangar sem eru erlendir ríkisborgarar geti viðhaldið og þróað tengsl við umheiminn, þ.m.t. með reglulegum samskiptum við fjölskyldu og vini, reynslulausnar- og samfélagsstofnanir og sjálfbóðaliða, og, að fengnu leyfi fangans, við sendifulltrúa eða ræðismenn.

37.3 Fangar sem eru erlendir ríkisborgarar skulu upplýstir án tafar, og á tungumáli sem þeir skilja, um rétt sinn til þess að óska eftir samskiptum og þeim séð fyrir nauðsynlegri aðstöðu til að eiga samskipti við sendifulltrúa eða ræðismann síns ríkis.

37.4 Fangar sem eru ríkisborgarar ríkja sem ekki eru með sendifulltrúa eða ræðismenn í landinu, sem og flóttafólk eða ríkisfangslausir einstaklingar, skulu hafa álíka aðstöðu til að eiga samskipti við sendifulltrúa þess ríkis sem gætir hagsmuna þeirra eða innlent eða alþjóðlegt yfirvald sem hefur það hlutverk að gæta hagsmuna slíkra einstaklinga.

37.5 Svo hagsmuna erlendra ríkisborgara sem eru í fangelsi og kunna að hafa sérstakar þarfir sé gætt, skulu fangelsisfyrirvöld eiga fullt samstarf við sendifulltrúa eða ræðismenn sem eru fulltrúar fanga.

37.6 Sérstakar upplýsingar um lögfræðilega aðstoð skulu veittar föngum sem eru erlendir ríkisborgarar á tungumáli sem þeir skilja.

37.7 Fangar sem eru erlendir ríkisborgarar skulu upplýstir, á tungumáli sem þeir skilja, um möguleikann á því að óska eftir að fullnusta refsingar þeirra fari fram í öðru landi.

37.8 Afplánunarfangar sem eru erlendir ríkisborgarar skulu eiga rétt á því eins og allir aðrir fangar að fara fram á reynslulausn um leið og þeir uppfylla skilyrði.

Þjóðernis- eða tungumálaminnihlutar

38.1 Gera skal sérstakar ráðstafanir til að mæta þörfum fanga sem tilheyra þjóðernis- eða tungumálaminnihluta.

38.2 Leyfa skal mismunandi hópum að halda eigin siðvenjum í fangelsinu, að því marki sem það er unnt.

38.3 Mæta skal tungumálþörfum með þjónustu hæfra túlka og með láta í té skriflegt efni á þeim tungumálum sem notuð eru í tilteknu fangelsi.

III. hluti

Heilbrigði

Heilbrigðisþjónusta

39. Fangelsisfyrirvöld skulu vernda heilsu allra fanga undir þeirra umsjá.

Skipulag heilbrigðisþjónustu í fangelsi

40.1 Læknisþjónusta í fangelsi skal skipulögð í nánnum tengslum við framkvæmd almennrar heilbrigðisþjónustu samfélagsins eða þjóðarinnar.

40.2 Heilbrigðisstefna í fangelsum skal vera samþætt og í samræmi við opinbera heilbrigðisstefnu.

40.3 Fangar skulu hafa aðgang að heilbrigðisþjónustu sem er í boði í viðkomandi landi án mismununar vegna lagalegrar stöðu þeirra.

40.4 Við veitingu læknisþjónustu í fangelsi skal leitast við að greina og meðhöndla líkamlega eða geðræna sjúkdóma sem fangar kunna að glíma við.

40.5 Öll nauðsynleg læknisþjónusta, skurðlæknis- og geðlæknisþjónusta, þ.m.t. slík þjónusta sem er í boði í samfélaginu, skal standa föngum til boða í þeim tilgangi.

Læknar og heilbrigðisstarfsfólk

41.1 Hvert fangelsi skal njóta þjónustu að minnsta kosti eins almenns læknis.

41.2 Gera skal ráðstafanir til að tryggja að í áriðandi tilvikum sé ávallt unnt að kalla til lækni án tafar.

41.3 Ef læknir er ekki í fullu starfi við fangelsi skal læknir í hlutastarfi vera við í fangelsinu reglulega.

41.4 Öll fangelsi skulu hafa starfsfólk sem hefur hlotið viðeigandi menntun í heilbrigðisþjónustu.

41.5 Tannlæknisþjónusta og þjónusta sjóntækjafræðinga skal standa öllum föngum til boða.

Skýldur læknis

42.1 Læknir, eða hjúkrunarfræðingur sem heyrir undir lækninn, skal hitta alla fanga eins fljótt og auðið er eftir innkomu í fangelsi og framkvæma skoðun á þeim nema það sé augljóslega óþarfi.

42.2 Læknirinn, eða hjúkrunarfræðingur sem heyrir lækninn, skal skoða fanga, ef þess er óskað, þegar hann er látinn laus og að öðru leyti þegar nauðsyn krefur.

42.3 Þegar fangi er skoðaður skal læknirinn, eða hjúkrunarfræðingur sem heyrir undir lækninn, sérstaklega gefa því gaum að:

- a. hlíta hefðbundnum reglum um trúnaðar- og þagnarskyldu heilbrigðisstarfsmanna,
- b. greina líkamlega eða geðræna sjúkdóma og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til meðhöndlunar þeirra og til að halda áfram lækni meðferð sem þegar er hafin,
- c. skrá og tilkynna viðeigandi yfirvöldum um öll merki eða vísbendingar um að fangar kunni að hafa sætt ofbeldi,
- d. meðhöndla fráhrarfseinkenni vegna notkunar á fíkniefnum, lyfjum eða áfengi,
- e. greina sálrænt álag eða annað álag sem til er komið vegna frelsissviptingarinnar,
- f. einangra fanga sem grunur leikur á að séu sýktir eða smitandi á meðan sýking gengur yfir og veita þeim viðeigandi meðferð,
- g. tryggja að fangar með alnæmisveiruna séu ekki hafðir í einangrun af þeirri ástæðu einni saman,
- h. gefa gaum líkamlegum eða andlegum annmörkum sem gætu haft áhrif á enduraðlögun að lokinni afplánun,
- i. leggja mat á líkamlega hreysti fanga með tilliti til vinnu og líkamshreyfingar, og
- j. gera ráðstafanir með stofnunum í samfélaginu vegna áframhalds á nauðsynlegri lækni meðferð og geðheilbrigðis meðferð að afplánun lokinni, ef fangar veita samþykki sitt fyrir slíkri tilhögun.

43.1 Læknirinn skal annast líkamlega og andlega heilsu fanga og skal hitta alla veika fanga, fanga sem tilkynna veikindi eða líkamstjón, og alla fanga sem athygli er vakin á sérstaklega, við sömu skilyrði og jafn oft og samkvæmt þeim kröfum sem gilda fyrir heilbrigðisþjónustu í samfélaginu,

43.2 Læknirinn, eða hjúkrunarfræðingur sem heyrir undir lækninn, skal huga sérstaklega að heilsu fanga sem hafðir eru í einangrun, heimsækja þá fanga daglega og veita þeim tafarlausa lækni aðstoð og meðhöndlun að beiðni þessara fanga eða starfsfólks fangelsisins.

43.3 Læknir skal tilkynna forstöðumanni fangelsis hvenær sem talið er að líkamlegri eða andlegri heilsu fanga sé stefnt í alvarlega hættu með áframhaldandi fangavist eða vegna skilyrða fangavistar almennt, þ.m.t. einangrunarvistar.

44. Læknir eða annar valdbær aðili skal annast reglulega skoðun, safna upplýsingum með öðrum hætti ef við á og ráðleggja forstöðumanni fangelsis varðandi:

- a. magn, gæði, undirbúning og framreiðslu matar og vatns,
- b. hollustu og hreinlæti stofnunarinnar og fanganna,
- c. hreinlætisráðstafanir, hitun, lýsingu og loftræstingu stofnunarinnar, og
- d. hentugleika og hreinlæti fatnaðar og rúmfatnaðar fanga.

45.1 Forstöðumaður skal taka til athugunar þær skýrslur og ráðleggingar sem læknir eða annar valdbær aðili leggur fram samkvæmt reglum 43 og 44, og skal þegar í stað gera ráðstafanir til að hrinda þeim í framkvæmd ef hann er sammála ráðleggingunum.

45.2 Ef tillögur læknis eru ekki á valdsviði forstöðumanns eða fallist forstöðumaður ekki á þær skal forstöðumaður tafarlaust skila ráðleggingum læknisins og persónulegri skýrslu til herra setts stjórnvalds.

Veiting heilbrigðisþjónustu

46.1 Veika fanga sem þarfnast sérhæfðrar meðferðar skal flytja á sérhæfðar stofnanir eða almenn sjúkrahús, þegar slík meðhöndlun er ekki í boði í fangelsi.

46.2 Ef fangelsi hefur sína eigin sjúkrahúsaðstöðu skal hún vera nægilega vel mönnuð og búin til að veita föngum sem vísað er þangað viðeigandi umönnun og meðferð.

Geðheilbrigði

47.1 Sérstök fangelsi eða deildir undir stjórn læknis skulu vera fyrir hendi í því skyni að hafa eftirlit með og meðhöndla fanga sem glíma við geðröskun eða frávík sem ekki falla endilega undir ákvæði reglu 12.

47.2 Læknisþjónusta fangelsis skal annast geðheilbrigðis meðferð allra fanga sem þurfa á slíkri meðferð að halda og gefa sjálfsvígsforvörnum sérstakan gaum.

Önnur atriði

48.1 Fangar skulu ekki sæta tilraunum af nokkru tagi án samþykkis þeirra.

48.2 Tilraunir með þátttöku fanga sem leitt geta til líkamstjóns, andlegrar vanlíðunar eða annars heilsutjóns skulu vera bannaðar.

IV. hluti

Góð regla

Almenn sjónarmið varðandi góða reglu

49. Góðri reglu skal viðhaldið í fangelsi með því að taka mið af öryggis-, verndar- og agasjónarmiðum, jafnframt því sem föngum eru veitt lífsskilyrði sem byggja á virðingu fyrir mannlegri reisn og þeim gefinn kostur á fjölbreyttri starfsemi í samræmi við reglu 25.

50. Með fyrirvara um sjónarmið í þágu góðrar reglu, verndar og öryggis skal föngum leyft að ræða málefni sem varða almennar aðstæður fangelsisvistar og skulu þeir hvattir til þess að eiga samskipti við fangelsisýfirvöld um slík málefni.

Öryggi

51.1 Öryggisráðstafanir sem beitt er gagnvart einstökum föngum skulu einungis vera að því lágmarki sem nauðsynlegt er til að viðhalda öruggri gæslu þeirra.

51.2 Auk öryggis sem tryggt er með áþreifanlegum tálum og eftir öðrum tæknilegum leiðum skal til vera til staðar virkt öryggi fyrir tilstilli árvökuls starfsfólks sem þekkir fangana sem eru undir þess stjórn.

51.3 Eins fljótt og hægt er eftir innkomu skal meta fanga í því skyni að ákvarða:

- a. hættuna sem samfélaginu myndi stafa af þeim ef þeir myndu strjúka,
- b. hættuna á að þeir muni reyna að strjúka, annað hvort einir eða með utanaðkomandi aðstoð.

51.4 Hver fangi skal síðan vistaður við öryggisaðstæður sem samrýmast þessu hættustigi.

51.5 Endurskoða skal nauðsynlegt öryggisstig með reglulegu millibili meðan á refsivist einstaklingsins stendur.

Vernd

52.1 Meta skal fanga eins fljótt og auðið er eftir innkomu til þess að ákvarða hvort af þeim stafi hætta gagnvart öðrum föngum, starfsfólki fangelsis eða öðrum einstaklingum sem vinna í fangelsinu eða heimsækja það, eða hvort líklegt sé að þeir muni skaða sjálfa sig.

52.2 Ráðstafanir skulu vera fyrir hendi til þess að vernda fanga, starfsfólk fangelsa og alla gesti og lágmarka hættu á ofbeldi eða öðrum atburðum sem gætu stefnt þeim í hættu.

52.3 Gera skal allar mögulegar ráðstafanir til þess að leyfa föngum að taka fullan þátt í daglegri starfsemi við öruggar aðstæður.

52.4 Fangar skulu eiga kost á því að ná sambandi við starfsfólk hvenær sem er, einnig að næturlagi.

52.5 Virða skal í fangelsum reglur landsréttar um heilbrigði og öryggi.

Strangar öryggis- eða verndarráðstafanir sem gilda sérstaklega

53.1 Strangar öryggis- eða verndarráðstafanir sem gilda sérstaklega ganga lengra en þær sem vísað er til í reglu 51 og 52 og er um að ræða ráðstafanir sem fangar sem eru sérstök ógn við öryggi eða vernd þurfa að sæta.

53.2 Slíkum ráðstöfunum skal aðeins beitt í undantekningartilvikum og þá einungis á meðan ekki er unnt að viðhalda öryggi eða vernd með ráðstöfunum sem ganga skemur.

53.3 Slíkar ráðstafanir geta falist í aðskilnaði fanga frá öðrum föngum. Aðskilnaður í slíkum tilvikum skal falla undir kröfur þessarar reglu og reglu 53A, að auki.

53.4 Eðli slíkra ráðstafana, lengd þeirra og grundvöllur beitingar, sem og verklag sem fylgja ber við álagningu þeirra og beitingu, skal ákvarðað í landslögum.

53.5 Beiting slíkrar ráðstöfunar skal samþykkt af valdbæru stjórnvaldi til tiltekins tíma og fanginn skal fá afrit af hinni skriflegu ákvörðun ásamt upplýsingum um hvernig hann getur leitað eftir því að fá ráðstöfuninni hnekt.

53.6 Allar ákvarðanir um að framlengja slíkar ráðstafanir skulu háðar nýju samþykki valdbærs stjórnvalds og afrit af hinni skriflegu ákvörðun skal afhent fanganum ásamt upplýsingum um leiðir til að fá ráðstöfuninni hnekt.

53.7 Þessum ráðstöfunum skal beitt gagnvart einstaklingum og ekki gagnvart hópum fanga.

53.8 Þessar ráðstafanir skulu einungis grundvallast á núverandi hættu sem stafar af fanga, vera í réttu hlutfalli við þá hættu og ekki fela í sér meiri takmarkanir en nauðsynlegt er til að mæta þeirri hættu.

53.9 Fangar sem sæta slíkum ráðstöfunum skulu eiga kærurétt með þeim skilyrðum sem sett eru fram í reglu 70.

Aðskilnaður

53A Eftirfarandi ákvæði gilda sérstaklega sem strangar öryggis- eða verndarráðstafanir varðandi aðskilnað fanga frá öðrum föngum:

- a. Fangar sem aðskildir eru frá öðrum skulu eiga kost á uppbyggilegum mannlegum samskiptum í að minnsta kosti tvær klukkustundir á dag.
- b. Ákvörðun um aðskilnað skal taka mið af heilbrigðisástandi viðkomandi fanga og hvers konar fötlun sem þeir kunna að glíma við sem gæti gert þá viðkvæmari fyrir neikvæðum áhrifum aðskilnaðar.
- c. Aðskilnaður skal ekki standa lengur en nauðsynlegt er svo markmiðum að baki ráðstöfuninni sé náð og skal sæta endurskoðun reglulega í samræmi við þessi markmið.
- d. Fangar sem eru aðskildir frá öðrum skulu ekki sæta frekari takmörkunum umfram þær sem eru nauðsynlegar til þess að ná yfirlýstu markmiði með slíkum aðskilnaði.
- e. Klefar sem notaðir eru til að skilja fanga frá öðrum skulu uppfylla lágmarkskröfur sem gilda samkvæmt þessum reglum um annað húsnæði fyrir fanga.
- f. Því lengur sem fangi er aðskilinn frá öðrum föngum því fleiri ráðstafanir skal gera til þess að draga úr neikvæðum áhrifum aðskilnaðarins með því að hámarka samskipti fangans við aðra og sjá honum fyrir aðstöðu og viðfangsefnum.
- g. Fangar sem eru aðskildir frá öðrum föngum skulu hið minnsta fá lesefni og tækifæri til þess að stunda líkamshreyfingu í eina klukkustund á dag, eins og tilgreint er fyrir fanga í reglum 27.1 og 27.2.
- h. Fangar sem eru aðskildir frá öðrum föngum skulu heimsóttir á hverjum degi, þ.m.t. af forstöðumanni fangelsis eða starfsmanni sem kemur fram fyrir hönd forstöðumanns.
- i. Ef aðskilnaður hefur neikvæð áhrif á andlega eða líkamlega heilsu fanga skal grípa til aðgerða til að stöðva hann eða láta aðra minna takmarkandi ráðstöfun koma í staðinn.
- j. Allir fangar sem eru aðskildir frá öðrum föngum skulu eiga kærurétt með þeim skilyrðum sem sett eru fram í reglu 70.

Leit og eftirlit

54.1 Ítarlegar verklagsreglur skulu vera til staðar sem starfsfólk skal fylgja við leit:

- a. á öllum stöðum þar sem fangar dvelja, vinna og safnast saman,
- b. á föngum,
- c. á gestum og í eigum þeirra, og
- d. á starfsfólki.

54.2 Aðstæður sem kalla á slíka leit og eðli hennar skulu skilgreindar í landslögum.

54.3 Starfsfólk skal fá hjálfun í að framkvæma slíka leit svo það geti orðið áskynja um eða komið í veg fyrir tilraunir til að strjúka eða fela smygilvarning, jafnframt því sem gætt er að virðingu við þá sem leitað er á og fyrir persónulegum eigum þeirra.

54.4 Einstaklingar sem leitað er á skulu ekki beittir niðurlægjandi leitaraðferð.

54.5 Starfsfólk sem gerir leit á fanga skal vera af sama kyni og fanginn.

54.6 Starfsfólk fangelsis skal ekki gera líkamsrannsókn á fanga.

54.7 Einungis lækni er heimilt að gera líkamsrannsókn á fanga í tengslum við leit.

54.8 Fangar skulu vera viðstaddir þegar leitað er í persónulegum munum þeirra nema rannsóknaraðferðir eða möguleg hætta gagnvart starfsfólki fyrirbyggji það.

54.9 Skyldan til þess að gæta öryggis og verndar skal vegin og metin gagnvart friðhelgi einkalífs heimsóknargesta.

54.10 Verklag fyrir eftirlit með heimsóknargestum sem koma vegna starfa sinna, s.s. lögmenn, félagsráðgjafar og læknar o.s.frv., skal ákveðið í samráði við fagfélög þeirra til að tryggja jafnvægi milli öryggis og verndar og réttarins til trúnaðarsamskipta við fagaðila.

Afbrot

55. Meint afbrot framið í fangelsi skal rannsakað á sama hátt og ef það hefði verið framið í frjálsum samfélagi og skal meðhöndlað í samræmi við landslög.

Agi og viðurlög

56.1 Agaviðurlög skulu vera síðasta úrræði.

56.2 Þegar því verður við komið skulu fangelsisýfirvöld beita aðferðum sáttamiðlunar til þess að leysa deilur við og milli fanga.

57.1 Einungis má skilgreina háttsemi sem er til þess fallin að ógna góðri reglu, vernd eða öryggi sem agabrot.

57.2 Reglur í landslögum skulu ákvarða:

- a. þær athafnir eða það athafnaleysi af hálfu fanga sem telst vera agabrot,
- b. þá málsmeðferð sem skal fylgt við skýrslutöku vegna agabrota,
- c. þá tegund og lengd agaviðurlaga sem eru heimil,
- d. hvaða stjórnvald er valdbært að ákveða slík agaviðurlög, og
- e. aðgang að áfrýjunaraðilum og áfrýjunarheimildir.

58. Allar staðhæfingar um brot fanga á agareglum skulu umsvifalaust tilkynntar til hins valdbæra stjórnvalds sem skal rannsaka þær án ástæðulausrar tafar.

59. Fangar sem sakaðir eru um agabrot skulu:

- a. upplýstir strax, á tungumáli sem þeir skilja og ítarlega um eðli ásakana gegn þeim,
- b. hafa nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa að taka til varna,
- c. fá leyfi til að verja sig sjálfir eða með lögfræðilegri aðstoð ef það þjónar réttlætinu,
- d. fá leyfi til að kalla til vitni og yfirheyra þau eða láta yfirheyra þau fyrir þeirra hönd, og
- e. fá ókeypis tülkaþjónustu ef þeir skilja ekki eða tala ekki tungumálið sem notað er við yfirheyrslu.

60.1 Öll beiting agaviðurlaga sem ákveðin er í kjölfar agabrots skal vera í samræmi við landslög.

60.2 Þyngd agaviðurlaga skal vera í réttu hlutfalli við brotið.

60.3 Hópvíðurlög og líkamsrefsingar, víðurlög sem felast í vistun í myrkvuðum klefa og allar aðrar tegundir ómannlegrar eða vanvirðandi refsingar skulu bannaðar.

60.4 Agaviðurlög skulu ekki felast í algeru banni við samskiptum við fjölskyldu.

60.5 Agaviðurlög skulu aldrei fela í sér beitingu fjötra.

60.6.a Einangrun, það er að segja einangrun fanga sem stendur lengur en 22 tíma á dag án uppbyggilegra mannlegra samskipta, skal aldrei beitt gagnvart börnum, þunguðum konum, konum með barn á brjósti eða foreldrum með ungbarn í fangelsi.

60.6.b Ákvörðun um einangrun skal taka mið af núverandi heilbrigðisástandi viðkomandi fanga. Einangrun skal ekki beitt gagnvart fönfum með andlega eða líkamlega fötlun ef það yrði til þess að ástand þeirra versnaði. Ef einangrun er beitt skal framkvæmd hennar hætt eða hún stöðvuð tímabundið ef andlegu eða líkamlegu ástandi fanga hefur hrakað.

60.6.c Einangrun skal ekki beitt sem agaviðurlögum, nema í undantekningartilvikum og þá í tilgreindan tíma, sem skal vera eins skammur og mögulegt er og aldrei vera ígildi pyndinga eða ómannlegrar meðferðar eða refsingar.

60.6.d Hámarks lengd einangrunarvistar sem beita má skal ákveðin í landslögum.

60.6.e Ef agaviðurlög í formi einangrunar eru ákveðin vegna nýs agabrots fanga sem hefur þegar verið í einangrun eins lengi og heimilt er skal slíkum agaviðurlögum ekki beitt nema fanganum sé fyrst leyft að jafna sig á neikvæðum afleiðingum vegna fyrri tímabils í einangrun.

60.6.f Fangar í einangrun skulu fá heimsókn á hverjum degi, þ.m.t. af hálfu forstöðumanns fangelsis eða starfsmanns sem kemur fram fyrir hönd forstöðumanns.

61. Fangi sem hefur sætt ákvörðun um agaviðurlög skal eiga kost á að áfrýja niðurstöðunni til valdbærs og sjálfstæðs æðra stjórnvalds.

62. Enginn fangi skal ráðinn til að halda uppi aga eða hafa agavald í fangelsi.

Endurtekning á málsmeðferð

63. Fangi skal aldrei sæta ákvörðun um agaviðurlög tvisvar fyrir sömu athöfn eða háttsemi.

Valdbeiting

64.1 Starfsfólk fangelsis skal ekki beita fanga valdi nema í sjálfsvörn, ef um er að ræða tilraun til stroks eða virka eða óvirka líkamlega andstöðu við lögleg fyrirmæli, og þá alltaf sem síðasta úrræði.

64.2 Sú valdbeiting sem fer fram skal ganga eins skammt og unnt er og valdi einungis beitt í eins stuttan tíma og nauðsyn krefur.

65. Ítarlegar verklagsreglur skulu vera til staðar um valdbeitingu þ.m.t. fyrirmæli um:

- a. þær ólíku tegundir valdbeitingar sem eru heimilar,
 - b. aðstæður þegar heimilt er að viðhafa hverja tegund valdbeitingar,
 - c. hvaða starfsfólki er heimilt að viðhafa mismunandi tegundir valdbeitingar,
 - d. heimildir sem þurfa að liggja fyrir áður en valdi er beitt, og
 - e. skýrslugjöf sem verður að fara fram eftir að valdi hefur verið beitt.
66. Starfsfólk sem hefur bein samskipti við fanga skal þjálfað í tækni sem gerir kleift að viðhafa lágmarksvaldbeitingu þegar árásgjarnir fangar eru yfirbugaðir.
- 67.1 Starfsfólk annarra réttarvörslustofnana skal aðeins taka þátt í meðhöndlun fanga innan fangelsa í undantekningartilvikum.
- 67.2 Formlegt samkomulag skal vera fyrir hendi milli fangelsisýfirvalda og allra annarra slíkra réttarvörslustofnana nema sambandið þeirra á milli hafi þegar verið reglufest í landslögum.
- 67.3 Í slíku samkomulagi skal mæla fyrir um:
- a. aðstæður þar sem fulltrúar annarra réttarvörslustofnana mega fara inn í fangelsi til að bregðast við hvers konar átökum,
 - b. þær valdheimildir sem aðrar réttarvörslustofnanir skulu hafa meðan þær eru í fangelsinu og samband þeirra við forstöðumann fangelsisins,
 - c. þær leiðir til valdbeitingar sem fulltrúar slíkra stofnana mega nota,
 - d. aðstæður þegar heimilt er að viðhafa hverja tegund valdbeitingar,
 - e. nauðsynlegar valdheimildir áður en valdi er beitt, og
 - f. skýrslugjöf sem verður að fara fram eftir að valdi hefur verið beitt.

Fjöttrar

- 68.1 Fjöttrar skulu einungis notaðir þegar lög heimila og einungis má beita þeim þegar engar vægari leiðir til að ná stjórn eru færar um að mæta þeirri hættu sem stafar af fanga.
- 68.2 Fjötrun skal vera eins lítið íþyngjandi og nauðsyn krefur og réttilega til þess fallin að ná stjórn á hreyfingum fangans, miðað við umfang og eðli þeirrar hættu sem er fyrir hendi.
- 68.3 Fjötrum skal aðeins beitt á meðan það er nauðsynlegt og skulu þeir fjarlægðir um leið og hættan sem stafar af óhindraðri hreyfingu er ekki lengur til staðar.
- 68.4 Ekki skal nota handjárn, spennitreyjur og aðra líkamsfjötra nema:
- a. ef nauðsyn krefur í varúðarskyni til þess að koma í veg fyrir stök við flutning, að því tilskildu að þeir séu fjarlægðir þegar fanginn kemur fyrir handhafa dómsvalds eða opinbert yfirvald nema viðkomandi yfirvald ákveði annað, eða
 - b. samkvæmt fyrirskipun forstöðumanns, ef aðrar stjórnunaraðferðir bregðast, í því skyni að vernda fanga gegn sjálfsskaða, koma í veg fyrir að aðrir verði fyrir skaða eða alvarlegt tjón verði á eignum, að því tilskildu að í slíkum tilvikum skuli forstöðumaður þegar í stað upplýsa lækni og gefa aðra yfirvaldi fangelsismála skýrslu.

68.5 Mæla skal fyrir um í landslögum hvernig fjötrum er beitt.

68.6 Notkun á keðjum, járnnum og öðrum fjötrum sem eru í eðli sínu vanvirðandi skal vera bönnuð.

68.7 Aldrei skal beita fjötrum á konur þegar fæðingarferli er hafið, í fæðingu eða strax eftir fæðingu.

68.8 Notkun fjötra skal réttilega skrásett.

Vopn

69.1 Starfsfólk fangelsis skal ekki bera banvæn vopn innan fangelsissvæðisins nema um neyðarástand sé að ræða.

69.2 Almennur burður annarra vopna, þ.m.t. kylfa, af hálfu einstaklinga sem eiga samskipti við fanga skal bönnuð á fangelsissvæðinu nema nauðsynlegt sé í þágu verndar og öryggis þegar tekist er á við tiltekið atvik.

69.3 Starfsfólk skal ekki fá í hendur vopn nema það hafi hlotið þjálfun í beitingu þeirra.

Beiðnir og kvartanir

70.1 Fangar skulu hafa næg tækifæri til þess að leggja fram beiðnir eða kvartanir, án ritskoðunar á efni þeirra, við forstöðumann fangelsis eða önnur stjórnvöld í fangelsiskerfinu og við handhafa dómsvalds eða önnur sjálfstæð yfirvöld sem hafa endurskoðunarvald og vald til úrbóta.

70.2 Ef aðrar óformlegar aðferðir við að leysa úr beiðni eða kvörtun virðast við hæfi skal reyna þær fyrst.

70.3 Þegar kvartanir vegna illrar meðferðar eða annarra alvarlegra mannréttindabrota eru bornar upp skulu óformlegar leiðir ekki koma til álita.

- 70.4 Miðla skal hagnýtum upplýsingum um meðferð beiðna og kvartana til fanga á skilvirkan hátt.
- 70.5 Kvartanir sem varða dauðsfall eða illa meðferð skulu teknar til umfjöllunar án tafar og leiða til skilvirkrar rannsóknar í samræmi við reglu 55.
- 70.6 Fjalla skal um allar beiðnir og kvartanir eins fljótt og auðið er og með málsmeðferð sem tryggir virka þátttöku fanga eins og framast er unnt.
- 70.7 Ef beiðni eða kvörtun er hafnað skal upplýsa fangann um ástæður þess án tafar og ef forstöðumaður fangelsis eða annað yfirvald innan fangelsiskerfisins tók ákvörðunina skal fanginn eiga þess kost að skjóta henni áfram til handhafa dómsvalds eða annars sjálfstæðs yfirvalds sem hefur endurskoðunarvald og vald til úrbóta.
- 70.8 Úrræði skulu vera til staðar til að tryggja að fangar geti lagt fram beiðnir eða kvartanir í trúnaði, ef þeir kjósa það.
- 70.9 Fangar skulu ekki sæta neinum viðurlögum, hefndarráðstöfunum, ógnum, refsiaðgerðum eða öðrum neikvæðum afleiðingum þess að hafa lagt fram beiðni eða kvörtun.
- 70.10 Fangar geta lagt fram beiðni eða kvörtun sjálfir eða í gegnum lögmann og eiga rétt á að leita sér lögfræðiráðgjafar um kæru- og áfrýjunarferli og lögfræðilega aðstoð ef það þjónar réttlætinu.
- 70.11 Lögmaður eða stofnun sem annast velferð fanga getur ekki lagt fram kvörtun fyrir hönd fanga ef viðkomandi fangi er ekki samþykkrur því að hún verði lögð fram.
- 70.12 Hið valdbæra stjórnvald skal taka tillit til allra skriflegra kvartana frá ættingjum fanga eða öðrum einstaklingum eða stofnunum sem láta sér annt um velferð fanga.
- 70.13 Viðkomandi fangelsisyfirvald skal halda skrá yfir beiðnir og kvartanir sem berast, að teknu tilhlýðilegu tilliti til trúnaðar og öryggissjónarmiða.

V. hluti

Stjórnendur og starfsfólk

Fangelsisstörf sem opinber þjónusta

71. Fangelsi skulu vera á ábyrgð opinberra yfirvalda og aðskilin frá her, lögreglu eða rannsakendum sakamála.
- 72.1 Fangelsum skal stjórnað undir siðferðilegum formerkjum þar sem sú skylda að koma fram við alla fanga af mennsku og virðingu fyrir eðlislægri mannlegri reisn er viðurkennd.
- 72.2 Starfsfólk skal bera með sér að það hafi skýran skilning á tilgangi fangelsiskerfisins. Stjórnendur skulu hafa forystu um það hvernig slíkum tilgangi skuli best náð.
- 72.3 Starfsfólk hefur skyldur umfram þær sem einungis verður krafist af vörðum og skal taka mið af nauðsyn þess að auðvelda aðlögun fanga að samfélaginu að nýju eftir afplánun dóms, með meðferðaráætlun sem felst í jákvæðri umönnun og aðstoð.
- 72.4 Starfsfólk skal sinna störfum sínum samkvæmt ítrustu kröfum um fagmennsku og vandaða breyttni.
73. Fangelsisyfirvöld skulu leggja mikla áherslu á að reglum sem gilda um starfsfólk sé fylgt.
74. Sérstaklega skal hugað að stjórnun samskipta milli starfsfólks sem er í framlínu fangelsisins og fanga sem þeir annast.
75. Starfsfólk skal öllum stundum viðhafa háttsemi og sinna skyldum sínum þannig að það sýni föngum gott fordæmi og njóti virðingar þeirra.

Val á starfsfólki fangelsis

76. Starfsfólk skal valið af kostgæfni, hljóta viðeigandi þjálfun bæði í upphafi og með símenntun, njóta launagreiðslna í samræmi við fagþekkingu og stöðu sem borgaralegt samfélag ber virðingu fyrir.
77. Þegar nýtt starfsfólk er valið skulu fangelsisyfirvöld leggja mikla áherslu á nauðsyn heilinda, mennsku, faglegrar getu og persónulegs hæfis í ljósi þess flókna starfs sem það mun þurfa að inna af hendi.
78. Sérmenntað starfsfólk fangelsa skal yfirleitt fastráðið og tilheyra opinberri þjónustu og njóta viðeigandi starfsöryggis, með fyrirvara um góða hegðun, skilvirkni, góða líkamlega og andlega heilsu og fullnægjandi menntun.
- 79.1 Launakjör skulu til þess fallin að laða að og halda í hæft starfsfólk.
- 79.2 Hlunnindi og starfskjör skulu endurspegla krefjandi eðli starfs innan stofnunar sem er hluti af réttarvörslukerfinu.
80. Þegar nauðsynlegt er að ráða starfsfólk í hlutastarf skulu þessi viðmið gilda um það eftir því sem við á.

Þjálfun starfsfólks fangelsis

- 81.1 Áður en starfsfólk kemur til starfa skal það hljóta þjálfun í almennum og sérstökum skyldum sínum og standast fræðileg og verkleg próf.

81.2 Stjórnendur skulu tryggja að starfsfólk geti á starfsævi sinni viðhaldið og bætt þekkingu sína og faglega getu með því að sækja endurmenntun og þjálfun sem ber að skipuleggja með hæfilegu millibili.

81.3 Starfsfólk sem ætlað er að starfa með sérstökum hópum fanga, s.s. erlendum ríkisborgurum, konum, ungum afbrotamönnum eða fongum með geðröskun, o.s.frv., skal hljóta viðeigandi þjálfun sem hæfir sérhæfðu verksviði þess.

81.4 Þjálfun alls starfsfólks skal m.a. felast í kennslu í alþjóðlegum og svæðisbundnum mannréttindasamningum og reglum, einkum samningnum um verndun mannréttinda og mannfrelsis (SES, nr. 5) og Evrópusamningnum um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (SES, nr. 126), auk beitingar Evrópsku fangelsisreglnanna.

Stjórn fangelsis

82. Starfsfólk skal valið og ráðið til starfa af óhlutdrægni, án hvers kyns mismununar, s.s. á grundvelli kyns, kynþáttar, húðlitar, tungumáls, trúar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernislegs eða félagslegs uppruna, tengsla við þjóðernisminnihluta, eignastöðu, stöðu við fæðingu eða annarrar stöðu.

83. Fangelsisfyrirvöld skulu innleiða skipulags- og stjórnunarkerfi sem:

- a. tryggir að fangelsi starfi að staðaldri í samræmi við ströngustu kröfur og séu nægilega vel mönnuð öllum stundum til að viðhalda vernd og öryggi í fangelsisumhverfinu og uppfylla kröfur landsréttar og þjóðaréttar, þ.m.t. kröfur þessara reglna,
- b. getur staðið af sér neyðarástand og komið eðlilegu ástandi á aftur eins fljótt og auðið er, og
- c. stuðlar að góðum samskiptum á milli fangelsa og milli ólíkra starfsmannahópa í einstökum fangelsum og viðeigandi samhæfingu allra starfseininga, bæði innan og utan fangelsis, sem veita fongum þjónustu, einkum að því er varðar umönnun og aðlögun fanga aftur að samfélaginu.

84.1 Hvert fangelsi skal hafa forstöðumann sem skal vera hæfur til að gegna starfinu með tilliti til eðlisfars, stjórnunarhæfni og viðeigandi fagmenntunar og reynslu.

84.2 Forstöðumaður skal ráðinn í fullt starf og verja öllum vinnutíma sínum til að sinna opinberum starfsskyldum sínum.

84.3 Fangelsisfyrirvöld skulu tryggja að öll fangelsi séu ávallt undir fullri stjórn forstöðumanns, staðgengils forstöðumanns eða annars viðurkennds opinbers starfsmanns.

84.4 Sé forstöðumaður ábyrgur fyrir fleiri en einu fangelsi skal ávallt vera til staðar í hverju þeirra annar opinber starfsmaður til viðbótar sem fer með yfirstjórn.

85. Kynjadreifing meðal starfsfólks fangelsis skal vera jöfn.

86. Gert skal ráð fyrir því að stjórnendur hafi samráð við starfsfólkið í heild um almenn málefni og þá sérstaklega um mál sem varða starfskjör þess.

87.1 Fyrirkomulag skal vera til staðar til að stuðla að sem bestum samskiptum stjórnenda, annars starfsfólks, utanaðkomandi stofnana og fanga.

87.2 Forstöðumaður, stjórnendur og meirihluti annars starfsfólks fangelsis skal geta talað það tungumál sem flestir fangar tala, eða tungumál sem meirihluti þeirra skilur.

88. Ef einkarekin fangelsi eru til staðar skulu Evrópsku fangelsisreglurnar í heild gilda þar.

Sérhæft starfsfólk

89.1 Meðal starfsfólks skal vera, eins og kostur er, nægur fjöldi sérfræðinga, s.s. geðlæknar, sálfræðingar, félags- og velferðarráðgjafar, kennarar og leiðbeinendur á sviði starfsmenntunar, íþróttakennslu og -iðkunar.

89.2 Þegar því verður við komið skal hvetja hæfa starfsmenn í hlutastarfi og sjálfbóðaliða til að taka þátt í starfi með fongum.

Almenningsvitund

90.1 Fangelsisfyrirvöld skulu stöðugt upplýsa almenning um tilgang fangelsiskerfisins og það starf sem starfsfólk fangelsis innir af hendi til þess að stuðla að betri skilningi almennings á hlutverki fangelsa í samfélaginu.

90.2 Fangelsisfyrirvöld ættu að hvetja almenning til þess að sinna þjónustu í fangelsum í sjálfböðavinnu, þar sem við á.

Rannsóknir og mat

91. Fangelsisfyrirvöld skulu styðja rannsóknar- og matsáætlun sem fjallar um tilgang fangelsisins, hlutverk þess í lýðræðissamfélagi og að hve miklu leyti það þjónar tilgangi sínum.

VI. hluti

Skoðun og eftirlit

Skoðun

92. Fangelsi skulu sæta reglulegri skoðun af hálfu stofnunar á vegum ríkisins svo lagt verði mat á hvort þeim sé stjórnað í samræmi við kröfur landsréttar og þjóðaréttar og ákvæði þessara reglna.

Sjálfstætt eftirlit

93.1 Svo tryggt sé að fangelsisvist og meðferð fanga uppfylli kröfur landsréttar og þjóðaréttar og ákvæði þessara reglna, og að réttindi fanga og mannleg reisin þeirra sé virt öllum stundum, skulu fangelsi sæta eftirliti af hálfu tilnefnds sjálfstæðs aðila, eins eða fleiri, og niðurstöður hans eða þeirra gerðar opinberar.

93.2 Tryggja skal slíkum sjálfstæðum eftirlitsaðilum:

- a. aðgang að öllum fangelsum og öllum deildum fangelsa og að skráum fangelsa, þ.m.t. þeim sem varða beiðnir og kvartanir, og upplýsingar um aðstæður fangavistar og meðferð fanga, sem þeir þurfa til að geta framkvæmt eftirlit sitt,
- b. val á fangelsum til að heimsækja, m.a. með fyrirvaralausum heimsóknum að eigin frumkvæði, og á þeim föngum sem rætt er við, og
- c. frelsi til þess að taka í einrúmi viðtöl, sem fullur trúnaður ríkir um, við fanga og starfsfólk fangelsis.

93.3 Enginn fangi, starfsmaður fangelsis eða annar einstaklingur skal þurfa að þola viðurlög af einhverju tagi fyrir að hafa veitt sjálfstæðum eftirlitsaðila upplýsingar.

93.4 Sjálfstæðir eftirlitsaðilar skulu hvattir til þess að eiga samstarf við alþjóðlegar stofnanir sem hafa heimild að lögum til þess að heimsækja fangelsi.

93.5 Sjálfstæðir eftirlitsaðilar skulu hafa vald til þess að gera tillögur til fangelsiyfirvalda og annarra valdbærra aðila.

93.6 Innlend stjórnvöld eða fangelsisyfirvöld skulu upplýsa þessa aðila, innan hæfilegs frests, um aðgerðir sem gripið er til vegna slíkra tilmæla.

93.7 Eftirlitsskýrslur og svör við þeim skulu gerð opinber.

VII. hluti

Gæsluvarðhaldsfangar

Staða gæsluvarðhaldsfanga

94.1 Að því er varðar þessar reglur eru gæsluvarðhaldsfangar þeir fangar sem hafa verið færðir í varðhald með úrskurði handhafa dómssvalds áður en réttað er og fyrir sakfellingu eða ákvörðun refsingar.

94.2 Ríki getur kosið að álíta fanga sem hafa verið sakfelldir og dómfelldir sem gæsluvarðhaldsfanga ef ekki hefur verið leyst úr áfrýjunarmálum þeirra með endanlegri niðurstöðu.

Meðferð gæsluvarðhaldsfanga

95.1 Daglegt starf fyrir gæsluvarðhaldsfanga má ekki markast af þeim möguleika að þeir kunni að verða sakfelldir fyrir refsivert brot í framtíðinni.

95.2 Reglurnar í þessum hluta eiga að veita gæsluvarðhaldsföngum viðbótarvernd.

95.3 Við meðferð gæsluvarðhaldsfanga skulu fangelsisyfirvöld fylgja þeim reglum sem gilda fyrir alla fanga og leyfa gæsluvarðhaldsföngum að taka þátt í þeirri margvíslegu starfsemi sem þessar reglur kveða á um.

Húsnæði

96. Gæsluvarðhaldsfangar skulu eiga þess kost að vera í eins manns klefa eftir því sem unnt er, nema þeir kunni að njóta góðs af því að deila húsnæði með öðrum gæsluvarðhaldsföngum, eða ef dómstóll hefur gefið sérstök fyrirmæli um hvernig beri að hýsa tiltekinn gæsluvarðhaldsfanga.

Fatnaður

97.1 Gæsluvarðhaldsföngum skal leyft að klæðast eigin fötum ef þau henta til fangelsisvistar.

97.2 Gæsluvarðhaldsföngum sem ekki eiga sinn eigin fatnað við hæfi skal útvegaður fatnaður sem sker sig úr frá einkennisfatnaði sem afplánunarfangar kunna að klæðast.

Lögfræðiráðgjöf

98.1 Gæsluvarðhaldsfangar skulu upplýstir með skýrum hætti um rétt sinn til að njóta lögfræðiráðgjafar.

98.2 Öll nauðsynleg aðstaða skal látin í té til að aðstoða gæsluvarðhaldsfanga til þess að undirbúa vörn sína og hitta lögmenn sína.

Samskipti út fyrir vegg fangelsis

99. Ef ekki er um að ræða sérstakt bann í tilgreindan tíma sem handhafi dómssvalds í einstöku máli hefur sett skulu gæsluvarðhaldsfangar:

- a. fá heimsóknir og hafa leyfi til að eiga samskipti við fjölskyldu og aðra einstaklinga á sama hátt og afplánunarfangar,
- b. fá viðbótarheimsóknir og viðbótaraðgang að öðrum leiðum til samskipta, og
- c. hafa aðgang að bókum, dagblöðum og öðrum fréttamiðlum.

Vinna

- 100.1 Gæsluvarðhaldsföngum skal bjóðast tækifæri til þess að vinna en þeir skulu ekki skyldaðir til starfa.
- 100.2 Ef gæsluvarðhaldsfangar kjósa að vinna skulu öll ákvæði reglu 26 gilda um þá, þ.m.t. þær sem varða þóknun.

Aðgangur að daglegu starfi fyrir afplánunarfanga

101. Ef gæsluvarðhaldsfangi óskar eftir að fá leyfi til að fylgja daglegu starfi fyrir afplánunarfanga skulu fangelsisýfirvöld fallast á þá beiðni eftir því sem unnt er.

VIII. hluti

Afplánunarfangar

Markmið með daglegu starfi fyrir afplánunarfanga

- 102.1 Til viðbótar við reglurnar sem gilda um alla fanga skal daglegt starf fyrir afplánunarfanga gert þannig úr garði að það geri þeim kleift að lifa ábyrgu og afbrotalausni lífi.
- 102.2 Frelsisviptingin gerir að verkum að fangelsun sem slík er refsing út af fyrir sig og því skal daglegt starf fyrir afplánunarfanga ekki auka á þær þjáningar sem eru óaðskiljanlegur hluti fangelsunar.

Framkvæmd daglegs starfs fyrir afplánunarfanga

- 103.1 Daglegt starf fyrir afplánunarfanga skal hefjast strax eftir innkomu einstaklings sem hefur stöðu afplánunarfanga í fangelsi, nema það hafi byrjað fyrr.
- 103.2 Eins fljótt og auðið er eftir slíka innkomu skal skrifa skýrslu fyrir afplánunarfanga um persónulegar aðstæður þeirra, fyrirliggjandi meðferðar- og vistunaráætlun fyrir hvern og einn og undirbúning að því er þeir verða látnir lausir.
- 103.3 Afplánunarfangar skulu hvattir til þess að taka þátt í gerð einstaklingsbundinna meðferðar- og vistunaráætlana sinna.
- 103.4 Slíkar áætlanir skulu fela í sér, eins og hægt er:
- vinnu,
 - nám,
 - aðra starfsemi, og
 - undirbúning fyrir lausn úr fangelsi.
- 103.5 Félagsráðgjöf, læknishjálp og sálrænn stuðningur getur verið hluti af daglegu starfi fyrir afplánunarfanga.
- 103.6 Fyrirkomulag varðandi leyfi úr fangelsi skal vera óaðskiljanlegur hluti af heildarskipulagi daglegs starfs fyrir afplánunarfanga.
- 103.7 Fangar sem veita samþykki sitt geta tekið þátt í áætlunum um sáttameðferð og bætur fyrir brot sín.
- 103.8 Sérstaklega skal gefa því gaum að setja upp viðeigandi meðferðar- og vistunaráætlun og daglegt starf fyrir lífstíðarfanga og aðra langtímafanga.

Skipulagslegar hliðar þess að hafa afplánunarfanga í haldi

- 104.1 Með fyrirvara um reglu 17, og eftir því sem framast er unnt, skal nota aðskilin fangelsi eða aðskildar deildir til þess að auðvelda stýringu mismunandi daglegs starfs fyrir tiltekna flokka fanga.

- 104.2 Verklagsreglur skulu vera fyrir hendi fyrir gerð einstaklingsbundinna meðferðar- og vistunaráætlana fyrir fanga og reglulega endurskoðun þeirra, að teknu tilliti til viðeigandi skýrslna, fulls samráðs milli viðkomandi starfsfólks og við viðkomandi fanga, sem skulu eiga hlut að máli eftir því sem unnt er.

- 104.3 Þessar skýrslur skulu ávallt innihalda skýrslur starfsfólks sem hefur beina stjórn yfir viðkomandi fanga.

Vinna afplánunarfanga

- 105.1 Kerfisbundin vinnuáætlun skal vera liður í að markmiðum daglegs starfs fyrir afplánunarfanga sé náð.
- 105.2 Mögulegt er að afplánunarföngum sem ekki eru komnir á venjulegan eftirlaunaaldur sé gert að sinna vinnu, með fyrirvara um líkamlegt og andlegt heilbrigði þeirra að mati læknis.
- 105.3 Ef afplánunarföngum er gert að vinna skulu skilyrði slíkrar vinnu samræmast viðmiðum og eftirliti sem gildir í samfélaginu utan veggja fangelsis.
- 105.4 Þegar afplánunarfangar taka þátt í námi eða annarri dagskrá á vinnutíma og það er hluti af ráðgerðu daglegu starfi þeirra skulu þeir fá sömu þóknun og ef þeir hefðu verið í vinnu.
- 105.5 Ef um er að ræða afplánunarfanga má nota hluta af vinnuþóknun þeirra eða sparnaði til þess að bæta fyrir brot ef dómstóll fyrirskipar það eða viðkomandi fangi er samþykkur.

Nám afplánunarfanga

106.1 Kerfisbundið nám, m.a. verkþjálfun, með það að markmiði að hækka almennt menntunarstig fanga og auka möguleika þeirra á að lifa ábyrgu og afbrotalaus lífi skal vera lykilþáttur í daglegu starfi fyrir afplánunarfanga.

106.2 Allir afplánunarfangar skulu hvattir til þess að taka þátt í námi og starfsáætlunum.

106.3 Nám ætlað afplánunarföngum skal sniðið að áætlaðri lengd afplánunar þeirra í fangelsi.

Lausn afplánunarfanga úr fangelsi

107.1 Afplánunarfangar skulu aðstoðaðir tímanlega fyrir lausn úr fangelsi með ráðstöfunum og sérstökum áætlunum sem gera þeim kleift að skilja lífið í fangelsi að baki og hefja líf með löghlýðni úti í samfélaginu.

107.2 Í tilviki fanga sem hlotið hafa lengri dóma skal gera ráðstafanir sérstaklega til að tryggja aðlögun smám saman að lífinu í frjálsu samfélagi.

107.3 Því markmiði er unnt að ná með undirbúningsáætlun fyrir lok afplánunar í fangelsi eða reynslulausn undir eftirliti ásamt virkum félagslegum stuðningi.

107.4 Fangelsisýfirvöld skulu vinna náið með þjónustuaðilum og stofnunum sem hafa eftirlit með og aðstoða fanga sem losna úr fangelsi, til þess að gera öllum afplánunarföngum kleift að koma aftur undir sig fótunum í samfélaginu, einkum varðandi fjölskyldulíf og vinnu.

107.5 Fulltrúum slíkrar félagsþjónustu eða stofnana skal veittur allur nauðsynlegur aðgangur að fangelsi og föngum til að gera þeim kleift að undirbúa lok afplánunar og gera áætlanir um eftirmeðferð.

IX. hluti

Uppfærsla á reglunum

108. Uppfæra skal Evrópsku fangelsisreglurnar reglulega.

[1]V Aðgangur að þessu skjali er takmarkaður þar til ráðherranefndin hefur tekið það til athugunar.

[2]V Þegar þessi tilmæli voru samþykkt árið 2006, og með beitingu gr. 10.2.c í málsmeðferðarreglum fyrir fundi fulltrúa ráðherranna, áskildi fulltrúi Danmerkur rétt danskra stjórnvalda til þess að hlíta eða hlíta ekki 2. mgr. reglu 43 í viðbætinum við tilmælin þar sem þau telja að sú krafa að heilbrigðisstarfsfólk vitji fanga sem eru hafðir í einangrun daglega vekji alvarlegar siðfræðilegar spurningar að því er varðar mögulega aðkomu þess starfsfólks að því í reynd að lýsa viðkomandi fanga hæfa til áframhaldandi einangrunarvistar.